

ENDURSKOÐENDARÁÐ

**Skýrsla um störf endurskoðendaráðs**  
**2023**

## Störf endurskoðendaráðs á árinu 2023

### *Inngangur*

Endurskoðendaráð er eftirlitsaðili með störfum endurskoðenda og er verksvið ráðsins skilgreint í VIII. kafla laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Þau lög tóku gildi þann 1. janúar 2020 en með þeim var innleidd í íslensk lög reglugerð ESB nr. 537/2014, um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB.

Hlutverk endurskoðendaráðs samkvæmt 38. gr. laga nr. 94/2019 er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, góða endurskoðunarvenju, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Í eftirlitinu felst ábyrgð á:

- löggildingu endurskoðenda og starfsleyfum endurskoðunarfyrtækja
- beitingu viðurlaga
- eftirliti með gæðakerfi endurskoðunarfyrtækja
- gæðaeftirliti skv. VII. kafla laga nr. 94/2019
- eftirfylgni með því að kröfum um óhæði skv. V. kafla laganna sé fylgt
- innleiðingu góðrar endurskoðunarvenju og siðareglum endurskoðenda
- kröfum um endurmenntun skv. 9. gr. laganna
- starfsábyrgðartryggingu skv. 8. gr. laganna.

Endurskoðendaráð heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneytið (áður atvinnu- og nýsköpunaráðuneyti) og skipar menningar- og viðskiptaráðherra þrjá einstaklinga í ráðið til fjögurra ára í senn og jafn marga til vara. Skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Formaður skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið um skipan varamanna.

Núverandi endurskoðendaráð var skipað frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2023. Í ráðinu sitja Áslaug Árnadóttir, formaður, Hildur Árnadóttir og Jón Arnar Baldurs. Varamenn eru Anna Mjöll Karlsdóttir, varamaður formanns, Jóhann Gunnar Jóhannsson og Birgir Grétar Haraldsson. Starfsmaður endurskoðendaráðs er Elín Norðmann lögfræðingur.

Endurskoðendaráð hélt 17 fundi á árinu 2023 auk samráðsfunda með menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málefnum sem komu til umfjöllunar og afgreiðslu hjá endurskoðendaráði á árinu 2023:

### **Gæðaeftirlit 2023**

Í samræmi við ákvæði laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, sér endurskoðendaráð um að fram fari gæðaeftirlit með þeim störfum endurskoðenda sem falla undir ákvæði laganna. Gæðaeftirlit endurskoðendaráðs er eitt umfangsmesta verkefni ráðsins, en eftir gildistöku laga nr. 94/2019 er eftirlitið alfarið í höndum endurskoðendaráðs. Samkvæmt 22. gr. laganna er endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem þar starfa skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Þá er endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Eftir gildistöku laga nr. 94/2019 setti endurskoðendaráð nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda nr. 1091/2020, sbr. 3. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2019 og leystu þær af hólmi eldri reglur. Jafnframt samþykkti ráðherra gjaldskrá vegna gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja, nr. 1441/2020, sbr. 40. gr. laga nr. 94/2019. Gjaldskráin gildir um innheimtu þjónustugjalda sem standa skulu undir kostnaði við gæðaeftirlit endurskoðendaráðs.

Undirbúningur gæðaeftirlitsins hófst snemma árs 2023. Átta endurskoðunarfyrtæki og fjórir endurskoðendur sem starfa hjá hinu opinbera voru valdir í gæðaeftirlit á grundvelli áhættugreiningar í samræmi við 1. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 4. gr. reglna nr. 1091/2020.

Í maí 2023 auglýsti endurskoðendaráð eftir gæðaeftirlitsmönnum til að framkvæma gæðaeftirlitið. Ráðinu bárust 20 umsóknir og var það mat endurskoðendaráðs að allir umsækjendur væru hæfir til að sinna starfi gæðaeftirlitsmanna. Til að flýta fyrir framkvæmd gæðaeftirlitsins ákvað endurskoðendaráð að bjóða öllum umsækjendum þátttöku í gæðaeftirlitinu og þekktust allir umsækjendur boð ráðsins. Boðunarbréf vegna gæðaeftirlitsins voru send út í júní 2023.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir endurskoðandi var ráðin umsjónarmaður gæðaeftirlitsins en hún gegndi einnig því hlutverki í gæðaeftirliti ráðsins 2022. Hlutverk umsjónarmanns gæðaeftirlitsins er að halda utan um eftirlitið, vera gæðaeftirlitsmönnum til stuðnings og gæta þess að eftirlitið sé framkvæmt á samræmdan hátt. Anna Birgitta annaðist jafnframt uppfærslu á leiðbeiningum um framkvæmd gæðaeftirlits hjá endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum 2023 en leiðbeiningunum er ætlað að vera gæðaeftirlitsmönnum til aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins. Einnig geta leiðbeiningarnar nýst þeim sem sæta gæðaeftirliti. Leiðbeiningarnar ná ekki yfir allt það efni sem gæðaeftirlitsmenn þurfa að kunna skil á heldur er þeim ætlað að vera viðbót við útgefna gátlista og faglega þekkingu, dómgreind og gagnrýni gæðaeftirlitsmanna. Leiðbeiningarnar eru uppfærðar eftir þörfum en þær má finna á heimasíðu endurskoðendaráðs, [www.endurskodendarad.is](http://www.endurskodendarad.is). Þá voru gátlistar fyrir gæðaeftirlit endurskoðendaráðs 2023 uppfærðir í júlí og ágúst 2023.

Í september 2023 var haldið námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn þar sem farið var yfir nánari framkvæmd gæðaeftirlitsins.

Framkvæmd gæðaeftirlitsins hófst í september 2023. Ekki tókst að ljúka gæðaeftirlitinu fyrir árslok en endurskoðendaráð mun taka saman skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlitsins og birta á heimasíðu ráðsins þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

### ***Löggilding til endurskoðunarstarfa***

Meðal verkefna endurskoðendaráðs er að veita löggildingu til endurskoðunarstarfa, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/2019. Jafnframt skipar endurskoðendaráð þriggja manna prófnefnd endurskoðenda til fjögurra ára í senn, sbr. 7. gr. laga nr. 94/2019. Prófnefndin heldur árlega próf fyrir þá sem sækja um löggildingu til endurskoðunarstarfa. Núverandi prófnefnd var skipuð í upphafi árs 2020 og eru nefndarmenn Jón Arnar Baldurs, formaður, Sigrún Guðmundsdóttir og Unnar Friðrik Pálsson. Skipunartími nefndarinnar rann út í árslok 2023.

Próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa voru haldin í október 2023 og var heildarfjöldi próftaka 24. Í samræmi við reglugerð nr. 595/2020, um próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa, var prófinu skipt í tvo prófhlyta og getur prófmaður, sem ekki nær tilskilinni lágmarkseinkunn, þreytt próf eða prófhlyta að nýju. Frá því prófmaður nær fullnægjandi árangri í fyrsta prófhlyta og þar til hann hefur lokið síðasta prófhlyta mega líða þrjú ár hið mesta skv. 7. gr. reglugerðarinnar.

Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhalddi og stjórnendareikningsskilum fór fram þann 6. október. Alls þreyttu 19 einstaklingar prófið. Próf í endurskoðun og reikningsskilum fór fram dagana 9. og 12. október og þreyttu 15 einstaklingar það próf.

Í annað sinn var veitt heimild til að þreyta próf á landsbyggðinni og voru að þessu sinni haldin próf samtímis á fjórum stöðum á landinu, þ.e. í Reykjavík, Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum.

Að þessu sinni hlutu 11 einstaklingar löggildingu til endurskoðunarstarfa og voru þeim afhent prófskírteini sín við útskriftarathöfn þann 7. desember 2023.

### ***Endurmenntun***

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendum skylt að afla sér endurmenntunar sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laganna skal endurmenntun endurskoðenda að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Eftir gildistöku nýju laganna tók gildi ný reglugerð nr. 665/2020, um endurmenntun endurskoðenda, þar sem kveðið er á um hvað teljist til endurmenntunar.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 665/2020 hefur endurskoðendaráð eftirlit með því að endurskoðendur uppfylli kröfur um endurmenntun. Endurskoðendum ber sjálfum að halda skrá yfir endurmenntun sína og staðfestingar á henni. Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur

haldið utan um endurmenntun félagsmanna sinna og komið upplýsingum til endurskoðendaráðs fyrir 1. febrúar ár hvert, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 665/2020. Þeir endurskoðendur sem ekki eru félagar í FLE bera sjálfir ábyrgð á því að senda ráðinu upplýsingar um endurmenntun sína innan framangreinds tímamarks.

Þegar upplýsingar um stöðu endurmenntunar endurskoðenda í upphafi árs 2023 lágu fyrir kom í ljós að tólf endurskoðendur höfðu ekki fullnægt skilyrðum 9. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 665/202. Endurskoðendaráð fylgdi málum eftir gagnvart þeim endurskoðendum með bréfum þar sem óskað var skýringa. Þegar skýringar og gögn höfðu borist ráðinu var málum gagnvart níu endurskoðendum lokið af hálfu endurskoðendaráðs þar sem viðkomandi endurskoðendur gátu sýnt fram á fullnægjandi endurmenntun. Þrjú endurskoðendur óskuðu eftir innlögn löggildingar skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 94/2019 og féllst endurskoðendaráð á beiðni þeirra.

### ***Starfsábyrgðartryggingar***

Um starfsábyrgðartryggingar er fjallað í 8. gr. laga nr. 94/2019 og reglugerð nr. 1010/2020 um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

### ***Árleg eftirfylgni***

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendum skylt að hafa starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra sjálfra eða starfsmanna þeirra samkvæmt lögnum. Ber þeim fyrir 15. janúar ár hvert að senda endurskoðendaráði staðfestingu þess að þeir hafi gilda starfsábyrgðartryggingu. Ákvæði laganna um að endurskoðendur hafi gilda starfsábyrgðartryggingu eru ófrávíkjanleg og uppfylla þeir, sem ekki hafa slíka tryggingu, ekki skilyrði til að halda löggildingu sinni til endurskoðunarstarfa.

Með vísan til framangreinds yfirlýsingar endurskoðendaráð í upphafi árs 2023 innsendar upplýsingar um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda fyrir árið 2023. Haft var samband við þá aðila sem ekki var staðfest að hefðu tryggingu og var þeim gert að skila ráðinu staðfestingu um gilda starfsábyrgðartryggingu. Barst slík staðfesting í öllum tilvikum.

### ***Uppsögn starfsábyrgðartrygginga***

Komi til þess að lögbundinni starfsábyrgðartryggingu endurskoðanda sé sagt upp tilkynnir viðkomandi váttryggingafélag það til endurskoðendaráðs, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1010/2020. Endurskoðendaráð fékk nokkurn fjölda tilkynninga frá váttryggingafélögum um að starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda væru ekki lengur í gildi hjá þeim. Endurskoðendaráð óskaði í kjölfarið eftir staðfestingu frá viðkomandi endurskoðendum um að þeir hefðu aflað sér fullnægjandi ábyrgðartryggingar hjá öðru váttryggingafélagi. Bárust slíkar staðfestingar í öllum tilvikum.

### ***Endurskoðendaskrá***

Með lögum nr. 94/2019 var umsjón endurskoðendaskrár flutt frá ráðuneytinu til endurskoðendaráðs. Um endurskoðendaskrá er fjallað í 5. gr. laga nr. 94/2019 og í reglugerð nr. 666/2020 um opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðendaráð uppfærði endurskoðendaskrá jafnóðum á árinu 2023 og er skráin birt á heimasíðu ráðsins, [www.endurskodendarad.is](http://www.endurskodendarad.is).

### ***Innheimta eftirlitsgjalds endurskoðenda***

Endurskoðendaráð hefur umsjón með innheimtu eftirlitsgjalds endurskoðenda en gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Framkvæmd innheimtunnar er í höndum menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Um álagningu og innheimtu eftirlitsgjaldsins er fjallað í 39. og 40. gr. laga nr. 94/2019 og er gjalddagi þess 1. apríl ár hvert.

### ***Áritun endurskoðenda sem ekki starfa hjá fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi sem endurskoðunarfyrtæki***

Á árinu 2023 barst ráðinu ein ábending frá ársreikningaskrá um ársreikning sem áritaður var af endurskoðanda sem ekki starfaði hjá fyrirtæki sem fengið hafði starfsleyfi sem endurskoðunarfyrtæki, eins og áskilið er í 4. gr. laga nr. 94/2019. Af hálfu endurskoðendaráðs var málið litið alvarlegum augum og var það mat ráðsins að umrædd háttsemi fæli í sér brot gegn 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019 og 1. mgr. 14. gr. sömu laga. Það var jafnframt mat endurskoðendaráðs að háttsemin kynni að varða áminningu og/eða tímabundinni niðurfellingu löggildingar til endurskoðunarstarfa skv. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019. Viðkomandi endurskoðanda var kynnt framangreind afstaða endurskoðendaráðs og honum gefinn kostur á að koma að andmælum skv. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Varð það niðurstaða endurskoðendaráðs að veita endurskoðandanum áminningu og fella löggildingu hans niður tímabundið í einn mánuð. Þess má geta að nokkur sambærileg mál hafa komið til meðferðar hjá endurskoðendaráði frá gildistöku laga nr. 94/2019.

### ***Eftirlit með starfs- eða firmaheitum***

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/2019 kemur fram að öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sé óheimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá sé óheimilt að vekja þá trú að aðili, sem ekki hefur fengið löggildingu sem endurskoðandi eða er án gildra réttinda, sé endurskoðandi með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti. Á árinu 2023 komu nokkur mál slík til skoðunar hjá endurskoðendaráði. Í þeim málum sendi endurskoðendaráð viðkomandi aðilum bréf þar sem þess var krafist að brugðist yrði við svo ekki væri brotið gegn 6. gr. laga nr. 94/2019.

### ***Meðferð erinda***

Á árinu 2023 bárust ráðinu margvísleg erindi og hlutu flest málanna endanlega afgreiðslu á árinu.

### ***Samskipti við menningar- og viðskiptaráðuneytið***

Endurskoðendaráð átti góð samskipti við menningar- og viðskiptaráðuneytið á árinu 2023 varðandi málefni ráðsins. Var þar bæði um að ræða reglulega samráðsfundi sem og önnur samskipti vegna tiltekinna mála tengd ráðinu.

Meðal þeirra mála sem rædd voru á fundum endurskoðendaráðs og ráðuneytisins eru atriði sem fjallað er um í frumvarpi til breytinga á lögum um endurskoðendur og endurskoðun, en ráðherra lagði frumvarpið fyrst fram í apríl 2023. Frumvarpið var ekki afgreitt á 153. löggjafarþingi og var lagt fram að nýju í september 2023. Meðal þess sem fjallað er um í frumvarpinu eru ákvæði laga um brot á siðareglum endurskoðenda og hlutverk endurskoðendaráðs við eftirlit með endurskoðunarnefndum, á grundvelli c. liðar 1. mgr. 27. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014 sem innleidd var í íslenska löggjöf með gildistöku laga nr. 94/2019.

Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögum nr. 94/2019 sem eru í samræmi við ábendingar sem endurskoðendaráð hefur beint til ráðuneytisins á árunum 2020-2023. Frumvarpið var samþykkt sem lög í lok janúar 2024.

### ***Erlent samstarf***

Í kjölfar þess að ákvæði tilskipunar ESB nr. 2014/56 og reglugerð ESB nr. 537/2014 voru innleidd í íslenskan rétt með gildistöku laga nr. 94/2019 hóf endurskoðendaráð að taka þátt í fundum CEAOB (Committee of European Auditing Oversight Bodies). CEAOB er samstarfsvettvangur eftirlitsaðila með endurskoðendum í Evrópusambandinu og er ætlað að styrkja samevrópskt eftirlit og samræmda framkvæmd framangreindra Evrópugerða. Endurskoðendaráð er áheyrnaraðili að ráðinu. Fulltrúar endurskoðendaráðs tóku þátt í rafrænum fundum CEAOB í mars, júní og desember 2023 og í nóvember 2023 sótti fulltrúi ráðsins fund CEAOB í Brussel.